

Svör starfsfólks í frístundastarfi um hvaða leiðir henta best til að stuðla að sjálfsefningu nemenda

Starfið

Fjölbreytni

- Fjölbreytt starf, verkefni og tækifæri.
- Fjölbreyttara opið starf (á móti hópa- og klúbbastarfi)
- Bjóða uppá fjölbreytta dagskrá og verkefni þar sem ólíkum og óhefðbundnum aðferðum er beitt, með lýðheilsu að leiðarljósi. Verkefnin þurfa að vera hæfilega krefjandi og reyna á ólíka kosti og hæfileika.
- Markvisst hópastarf þar sem er horft er á styrkleika og veikleika hópsins og unnið með það.
- Fjölbreytt fræðsla.
- Fjölbreytt val.

Lýðræði, þátttaka

- Hafa börnin / unglingana með í ráðum (lýðræði). Setja viðburði alfarið í hendur unglinganna.
- Unglingalýðræði, allir hafa rödd. Dugleg að hlusta. Markvisst hrinda hugmyndum þeirra í framkvæmd.
- Barnafundur; börnin ákveði skipulag, hugmyndakassar.
- Virkja rödd nemenda betur, t.d. í gegnum nemendaráð.
- Gera krökkum grein fyrir mikilvægi þess að treysta fólki í kringum sig. Það þarf að fela þeim verkefni sem þau þurfa að taka ábyrgð á, þá er mikilvægt að halda aftur af sér og grípa sem minnst inn í ferlið, svo þau finni fyrir ábyrgðinni og afleiðingum, skerti hana.
- Hjálpa þeim að vera ófeimin að tala og segja sína skoðun.
- Styðja þau til að þekkja réttindi sín og skyldur.

Áherslur

- Eflum frumkvæði.
- Meiri áherslu á einstaklingsmiðað nám. Einstaklingsmiðað nám á borði en ekki bara í orði.
- Hlustum á þarfir barnsins/unglingsins, hjálpum þeim að standa á eigin fótum, hvetjum til sjálfstæðrar hugsunar, finnum leiðir til að einstaklingurinn fái að njóta sín.
- Hjálpum börnum að finna styrkleika sína.
- Hjálpum þeim að framkvæma eigin hugmyndir.
- Mætum nemendum á áhugasviði þeirra og framkvæmum út frá því!
- Búa til vettvang þar sem allir geta tekið framförum með því að gefa barni/unglingi verkefni sem það getur sinnt og skapa umhverfi þar sem það getur bætt sig á sviðum þar sem það hefur litla getu á.
- Það þarf að koma fram við fólk af virðingu og leggja áherslu á að allir koma með ólíka þætti að borðinu, og hafa eitthvað til brunns að bera. Mikilvægt er að ýta undir þann hugsunarhátt að enginn sé æðri en annar.

Ýmsar hugmyndir um starfið

- Fá góða gesti sem geta sagt frá reynslu sinni.
- Aðstoð við heimanám.
- Barna Jóga – núvitund.
- Fast val.
- Metum stöðu barnsins, hvar er þörfin?
 - Kannanir varðandi áhuga og sjálfsmýnd.
- Hvetja til íþróttaiðkunar. Kynning frá íþróttafélögunum.
- Fræða börnin um sjálfsefningu og mikilvægi hennar
- Kenna leiki og hvetja til þátttöku.
- Barnasáttmálinn.
 - Verkefni í tengslum við Barnasáttmálann, fræðsla og skemmtileg verkefni.
- Fræðsla um sjálfstyrkingu og framkomu. Viðburðir sem stuðla að skoðanamyndun og tjáningu.

Hvatning, hrós

- Vinna markvisst með jákvæða styrkingu og hrós.
- Verum dugleg að hrósa krökkunum fyrir góða hegðun.
- Kennum krökkunum að hrósa öðrum.
- Að hvert barn og unglingur fái athygli á hverjum degi.
- Hrósa með því að taka eftir öllu góða en ekki því slæma.
- Að börn finni fyrir því þegar þau gera vel með hvatningu og hrósi fyrir jákvæða hegðun.
- Hvatning sem byggist á færni einstaklings en ekki í samkeppni við aðra. Gefa innihaldsrík hrós.
- Ekki skamma (...því það myndar neikvætt andrúmsloft og börn sækjast í neikvæða athygli).
- Hróshringir.
- Þakklætisverkefnastund.
- Gætum þess að allir fái athygli.

Starfsfólkið

- Verum til staðar, verum jákvæð í starfi, sterkar fyrirmyndir í samskiptum.
- Festa ígrundun í starfsvenjur starfsmanna.
- Verum vakandi fyrir möguleikum barna – leitum marvisst að áhuga, styrk og hæfni þeirra.
- Veraum dugleg að tala við alla, heilsa og sýna þeim áhuga.
- Hlusta á börnin og sýna þeim að á þau sé hlustað.
- Virðing og tillitsemi í samskiptum í þeirra hæð.
- Vakandi fyrir samskiptum barnanna og grípa inn ef þess þarf.
- Þekkjum færni barnsins/unglingsins
- Finnum sameiginleg markmið.
- Sýnum að allir séu jafnir.

Umhverfið

- Félagsmiðstöðin sé vinaleg og heimilisleg.
- Uppbyggjandi, öruggt, traust og verðugt umhverfi fyrir unglinga

- Húsnæði frístundar sé hugsað fyrir frístundastarf, meiri yfirráð yfir okkar húsnæði, aukið fjármagn.

Fræðsla - endurmenntun

- Efla þekkingu starfsmanna á leiðum til að stuðla að sjálfseflingu.
- Símenntun á forsendum starfsmanna
- Starfsfólk fái rými til að fræða sig eftir þörfum hópsins og áhuga starfsmanns

Skipulag

- Taka upp árangursvottað kerfi sbr. ÞOR.
- Samstarf milli viðeigandi deilda.
- Breyta og bæta verklagsreglur og verkferla til að auka og bæta þjónustu (t.d. stuðningsþörf) og upplýsingaflæði á milli deilda.
- Samstarf milli stofnana. Útbúin verði heildstæð áætlun milli grunnskóla og frístundamiðstöðva og innan starfstaða.
- Fleiri undirbúningstímar til að undirbúa einstaklingsvinnuna.

Ýmislegt

- Jákvæð samskipti.
- Áhugi.
- Koma vel fram við aðra.
- Átak starfsmanna að koma í veg fyrir fordóma og leiðindi.
- Skýrari rammi um upplýsingaskyldu skóla og frístundasviðs um börnin, tíma til að ræða við starfsfólk, verkferlar til að tryggja framkvæmd.
- Hugmyndafræðin útfærð fyrir börnin, vinnuplagg fyrir starfsmenn um lykilþætti í fræðslu um sjálfseflingu.
- Aukið fjármagn. Fá utanaðkomandi hjálp ef þess þarf.
- Skólahljómsveitir fái sínar stofur í öllum grunnskólum. Að það verði gert í samráði við stjórnendur skólahljómsmveita.
- Skilgreina hvað felst í hugtökunum og hvernig við viljum að þetta birtist í starfinu.